

# SARA

Höfundur: Cecilie Gaihede

Dags: 20. ágúst 2019

## Samantekt:

**Kerfið:** SARA er vara sem hugbúnaðarkerfið Axiell ALM hefur í sameiningu við Slots- og kulturstyrelsen (SLKST), stofnun beint undir menningarmálaráðuneytinu, unnið að fyrir viðurkennd söfn í Danmörku. Kerfið er byggt ofan á Axiell Collections sem er kerfi sem Axiell hefur selt söfnum um allan heim. Í dag eru um 130 söfn notendaaðilar að SARA, í kringum 1000 notendur og yfir 6 milljónir gagna hafa verið yfirfærð úr gamla kerfinu Regin. SARA er hin opinbera kerfislausn fyrir stafræna skráningu safna í DK og er því ekki reiknað með að uppfæra eða fara í önnur útboð á kerfinu á næstu árum. Kerfið getur svo ótrúlega margt. Það býður upp á töluverðar breytingar og aðlaganir, sem þýðir það að kerfið hefur alla möguleika til að aðlagast breytingum og kröfum framtíðarinnar. Slots- og Kulturstyrelsen samþykktu tilboð frá Axiell eftir að hafa farið í opið útboð á EES svæðinu, kerfi sem með single user client based kerfi lofaði að uppfylla þær kröfur um að breyta grunninum og búa til veflægan multiple user client.

Kerfið eins og það var, var því „óþroskað“ og átti eftir að búa til og þróa almennilega. Verkefni sem hefur verið stærra en var reiknað með. Bæði fyrir verkefnaeigandann og hugbúnaðafyrirtækið, sem leiddi til þess að ekki var hægt að standast væntingar gagnvart skilafresti og verkefnalokum og því var verkefninu frestað nokkrum sinnum. Þó það hafi verið tafir virðist almennt ríkja traust gagnvart kerfinu sjálfu og virðast söfnin vera mjög ánægð með það og þá sérstaklega að með nýrra kerfi sé auðveldlega hægt að leita opið í safneign allra safna og er mikið talað um nýja möguleika innan safnastarfsins vegna þessa. Aðalbreytingin úr gamla kerfinu Regin og yfir í SARA má nefna að sé skráningaráherslan. Áður var skráning rannsóknarmiðuð en er núna aðfangamiðuð og krefst það svolíttillar hugarfarsbreytingar í skráningarnálgun notenda. Möguleikar kerfisins virðast vera endalausir og kom það upp nokkrum sinnum að spurning sé hvort kerfið í rauninni geti of mikið og krefst því of mikillar sérfræðiþekkingar til að geta skráð. Þó kerfið virki flókið og oft á tíðum aðeins yfirþyrmandi er þó möguleiki fyrir notandann að velja hvaða viðmót viðkomandi vill að birtist í sínu skráningasniðmáti. Eftir að hafa rætt við bæði notendur, þróunaraðila og eigendur verkefnisins, varð fagstjóri ekki var við að það væru skráningarmöguleikar í Sarpi sem ekki væri hægt að finna lausn á í SÖRU, nema þá kannski möguleika skjalasafna í kerfinu. Það á eftir að kanna það betur. Sömuleiðis ber að nefna að SLKST hefur ákveðið að kaupa ekki ytri vef hjá Axiell, og frekar þróa hann sjálf og er enn óljóst hvernig og þá sérstaklega hvenær það verður.

Þó mikil ánægja sé með kerfið þótti fagstjóra Sarps sérstaklega eftirtektarvert að kennslustjóri Organisationen for Danske Museer (ODM) ráðlagði frá því að kaupa kerfið eins og það lítur út núna, en mælti hiklaust með að skoða það alvarlega aftur þegar kerfið hefur verið í notkun í nokkurn tíma og byrjunarvillurnar hafa verið lagfærðar. Því er mikilvægt að taka tillit til þess hversu nýtt kerfið er. Það var fyrst tekið í notkun í byrjun árs 2019 eftir að kennsla á kerfið fór

fram frá því í nóvember fram í janúar 2019. Það er ekki hægt að segja að fólk sé komið með almennilega reynslu, en þó eftirtektarvert hversu jákvæðar fyrstu viðtökurnar hefur verið.

**Verkefnið og Innleiðingafærlíð:** SARA hefur verið í uppsiglingu síðan 2011 þar sem Kulturstyrelsen bað söfnin um að senda inn kröfur að nýju kerfi. Þessu var safnað saman og sett í kröfulýsingu og í kjölfarið var farið í opið útboð á EES svæðinu. Tvö fyrirtæki buðu í verkið, og varð Axiell ALM fyrir valinu enda með lágsta boð. Almenn ánægja ríkir með samstarfið milli verkefnæiganda SLKST og hugbúnaðarfyrirtækisins. Þó ágreiningur hafi komið upp virðist samstarfið hafa gengið vel og eru báðir aðilar ánægðir með útkomuna í dag þegar verkefnið er á lokametrunum. Talið er að þrjár ástæður séu fyrir því að verkefnið frestast svona mikið, eða um rúmlega þrjú ár.

- Þekkingartap vegna þess að aðalverkefnastjórinn hjá SLKST hætti skyndilega
- Kerfið var óþroskað og var ekki tilbúið þegar fyrstu prófanir voru gerðar
- Kennslan var ekki tilbúin þegar kerfið loksins var tilbúið

Hægt er að færa fram rök fyrir því að mannlegi þátturinn sé meiri ástæða fyrir seinkun verkefnisins heldur en kerfið sjálft.

Axiell ALM hefur lýst áhuga á að koma til Íslands og kynna kerfið, og lofaði fagstjóri að koma þessu boði til skila.

## Kulturstyrelsen

**Viðstödd á fundinum voru:** Henrik Jarl Hansen verkefnastjóri og Anders Tenedal IT arkitekt

**Upphaf verkefnis:** Þeir hófu verkefnið 2011 með undirbúningi. Ferlið í kringum SARA hefur staðið yfir lengi, og hefur sitt upphaf þegar söfnin voru beðin um að skila inn kröfulýsingu fyrir hvað þeir vildu að nýtt kerfi ætti að innihalda. **Stefna og markmið** var að búa til endanlegt kerfi fyrir öll þjóðarsöfn og önnur viðurkennd söfn í DK. Það var gert útboð á öllu EES- svæðinu. Ástæðan fyrir því að þau ákváðu að velja „outsourcing“ var vegna fyrri reynslu og ákveðið var að fara aðra leið með nýtt kerfi. Kulturstyrelsen, hefur í mörg ár þurft að þróa og viðhalda eigin kerfi og það þótti ekki vera valkostur lengur. Eftir að farið var í útboð komu inn tvö tilboð. Bæði frá Axiell ALM (Adlieb og síðan Axiell: <https://alm.axiell.com/da/>) ásamt Gallery System (TMS: <https://www.gallerysystems.com/products-and-services/tms-suite/tms/>)

Ákveðið var að taka tilboði Axiell, vegna þess að Gallery Systems gat ekki skilað frá sér svokölluðu Tro- og loveerklæring. (<https://udbudsportalen.dk/tro-og-love-erklaering/>)

- Axiell bauð uppá Single-user system en lofaði að þróa kerfið sitt og endanlega bjóða upp á veflægt multiple-user kerfi. Samið var um fast verð í samningnum
- Adlieb var hollenskt kerfi sem Axiell keypti
- Kerfið átti að hafa bæði:
  - DAMS: Digital Asset Management for Museums & Archives (staðsetning)
  - GIS: Government Indemnity Scheme

**Önnur kerfi í Dk:** Kulturstyrelsen eiga og reka ennþá kerfið MUD sem er Museernes Udgravningssystem ásamt Fund og fortidsminder (kerfi frá 1982 sem heldur utan um fornleifa- og jarðfundaskráningu) og Fredede og bevaringsværdige bygninger (FBB, kerfi sem heldur utan um friðlýstar byggingar)

**Áætlaður kostnaður og viðhald:** SLKST hefur borgað 17,9 milljónir dkr fyrir kerfið. 500.000dkr á ári í þjónustu. Söfnin byrja að borga árið 2020 vegna seinkunar á kerfinu.

- Ábyrgð: Statens Museum for Kunst og Nationalmusset ber ábyrgð á faglegu viðhaldi en önnur þjónusta er á vegum Axiell og eru þar þrír starfsmenn í vinnu við að sinna SÖRU.
- Kulturstyrelsen hefur skipað svokallað Change Advisory Board: sem ræður yfir 400.000dkr árlega fyrir breytingar á kerfinu.

**Innleiðingafærlíð:** Miklar breytingar á lykilmálum í ferlinu. Aðal verkefnastjórinn hætti á miðri leið vegna ósættis og með honum hvarf mikil þekking sem leiddi til ákveðinnar stöðunar.

- Kerfinu var frestað 3-4 sinnum og er það upplifun Kulturstyrelsen að það hefur haft áhrif á traust og álit fólks á kerfinu.
- 2017 átti kerfið að fara í loftið, en þá hrundi gagnagrunnurinn og í kjölfarið var lögð mikil vinna í að prófanir á kerfinu og notkun þess var frestað á ný

**Kerfið:**

- 500GB geymslupláss er innifalið fyrir hvert safn.
- Gangagrunnurinn er hýstur í Hollandi og Svíþjóð af fyrirtæki sem heitir Eurofiber (<https://www.eurofiber.nl/en/about-eurofiber/>)
- Krafa var á möguleikum á skýrslugerð, og er hægt að draga út gögn í bæði Excel og CSV

Verkefninu á formlega að ljúka í haust 2019 og verður Regin, gamla skráningarkerfinu lokað í lok 2019.

## Glyptoteket

**Viðstaddur á fundinum var:** Forstöðumaður safneignar Rune Frederiksen.

Upplifun og reynsla safnsins af kerfinu er jákvæð. Safnið er nýlega farið að nota kerfið, og eru allir ennþá að venjast nýja viðmóttinu. Upplifun Runes er að kerfið virkar mjög flókið, kannski einum of flókið við fyrstu sýn

- Kostnaður fyrir safnið næstum því sá sami og áður, og upplifir það ekki sem vandamál

**Neikvætt:** Vandamál að ekki er hægt að spegla kerfinu á ensku, þegar mikið af safneignum safnsins er notuð í alþjóðlegum samhengi. Rune lýsti ákveðinni siðferðislegri umræðu um eignahald kerfisins og var ósáttur við þessa einkavæðingu sem liggur bak við það að ráða fyrirtæki til að hanna og reka opinberan gagnagrunn.

**Gagnaflutningar:** Greining og úrtök á gögnunum sýnir fáar villur við gagnaflutning. Virkar eins og kerfið hafi verið hannað í kringum gögnin í Regin, og hefur það ekki verið ábyrgð safnanna að flytja gögnin yfir.

Rune benti á að skoða svissnesk söfn sem notar Microsoft Access. Rune ætlar að hafa samband við samstarfsaðila og senda okkur skráningarhandbókina þeirra.

## Axiell ALM

**Viðstödd á fundinum voru:** Kasper Hovgaard Application consultant og Marianne Birke Ehler (support konsulent)

Axiell er hugbúnaðarfyrirtæki sem var ráðið til að hanna SARA og sjá um þjónustu þess. Stóra breytingin milli Regin og SARA er hvernig grunnskráningin er hugsuð. Í Regin var það hið svokallaða „Sager“ en í SARA er skráningin aðfangamiðað.

### Kerfið:

- Kerfið er veflægt og er hýst umhverfi
- Kerfið er byggt á MS-SQL grunni
- Chrome og Firefox eru vafrarnir sem kerfið styður. Ekki hafa komið upp nein vandamál í öðrum vöfrum, þannig að Axiell telur að allir vafrar séu nothæfir við notkun kerfisins.
- Kerfið er Windows-based.
- Í dag er búið að stofna 130 söfn, og komnir yfir 1000 notendur,
- Kerfið er byggt upp í kringum Spectrum, stórar og mjög skýrar leiðbeiningar og sem er staðall fyrir hvernig fagleg skráning er framkvæmd.
- Breytingar gerðar á masteraútgáfu og þá er uppfært reglulega.
- Kerfið er í Fase2 (semsagt komið langt á leið en er ekki alveg fullkomlega tilbúið)
- Kerfið er byggt upp í kringum bæði innri og ytri aðfangaskrá þar sem söfn skrá eigin safneign í innri aðfangaskrá en í ytri aðfangaskrá eru skráð verk í láni eða önnur verk sem

eru mikilvæg en ekki í eigu safnsins. Til þess að leita í innri leit þarf ekki að skrifa neitt í leitarglugga og þá framkallast yfirlit yfir alla safneignina.

- Skjalaskráin er hönnuð eftir ISAG staðall
- Tungumál eru lagskipt og skiptast upp eftir því á hvaða tungumáli aðföng eru skráð, sem sagt skipt eftir tungumálum gagna.
- Thesaurus er miðlæg stjórnun og utanumhald um efnisorð (kataloger) og skráð aðföng. Kerfi sem er notað til að halda utan um efnisorð. (saglig registrant)
- Minni kerfisins: Ef þú skráir þig út vistast það sem þú ert að vinna í kerfinu og opnast þannig aftur við næstu notkun. Virkar ekki ef þú lokar bara glugganum þar sem notandi verður handvirkt að skrá sig út kerfinu til að virkja minnið.
- Í boði er bæði Saas og Local-hosting. Áður hefur Axiell þjónustað Local-hosted Axiell Collections í gegnum TeamViewer.
- - Dæmi um fyrirtæki sem notar Adlieb Local-hosting er Ferring Pharmaceuticals sem notar Axiell Designer til að stjórna, breyta og sniða kerfið að þeirra þörfum
- Fyrir Collections er búið að hanna sýninga-app. Hægt er að vera með QR kóða á aðfanginu sem tengist beint inn á skráninguna á innri vefinn.
- Outputformater (keyra upplýsingar inn og út úr kerfinu)
- Hægt er að búa til docx skrá
- Miklir valmöguleikar
- Hægt er að búa til yfirlit yfir skráð aðföng (aðfangaskýrsla - svokölluð object rapport)
- Fyrir ríkisendurskoðun sem árlega framkvæmir eftirlit er í kerfinu hægt að draga út stikkprufur (sampling function)
- Hraðskráningarsnið eru kölluð udklipsholder, eða Clipboard í SÖRU

### **Skráning:**

- Útgangspunkturinn er svokölluð „One size fits all“ skráning. Skráningarsniðin eru ekki aðlöguð ákveðnum aðfangategundum heldur er eitt skráningarsnið fyrir allt.
- Hægt er að stjórna og aðlaga þá dálka sem eru mikilvægir fyrir þig og þannig velja úr möguleikum sem kerfið býður upp á sem eru smávægilegir og skipta ekki máli fyrir notkun og skráningu notandans. Þessi valmöguleiki er fljótlegur og skilvirkur og skapar þannig miklu betri yfirsýn í kerfi sem getur svo margt og getur því virkað ruglandi og kaótískt fyrir óvana notendur.
- Eins og er núna er ekki gefinn út skráningastaðall á vegum Kulturstyrelsen, eða kröfur fyrir lágmarkskráningu. Skráningarhandbók í Regin var til, en ekki er búið að skrifa þannig fyrir SÖRU. Kerfið gefur því upp viðvörðun en leyfir skrásetjara að tvískrá. Axiell benti á möguleikana að aðlaga eftir óskum.
- Þjóðhætti væri kannski hægt að skrá undir sniðmatið sem var hannað upprunalega fyrir Provinien (upruni). Sagt var að hér væri hægt að setja inn svör og búa til spurningaskrá. Sömuleiðis myndi "Veistu meira" líka passa undir Provinien.
- Nafnaskráin er ekki tengd neinni opinberri nafnaskrá, en notendur skrá nöfn. Það er hægt bæði að skrá nöfn og gælunöfn, kenninöfn undir sama aðili og er jafn auðvelt að leita að öllum nöfnum
- Stöðluð snið, en líka hægt að vinna með gögnin og búa til eigin skjöl

**Myndir:** Hægt er að hlaða inn myndir í öllum gæðum og gerðum. Jpeg, Tif, heill listi er til yfir hvað kerfið styður. Bæði myndbönd, myndir, kort, skjöl osfv.

**Leitin:**

- Hægt er að leita í leitinni sjálfri. Semsagt hægt er að sía enn frekar í niðurstöðum sem koma fram við leit.

**Axiell Designer:**

- Umsjónarkerfi/stjórnunarkerfi. (administrationssystem)
- Svokallað master application kerfi

**Notendur:** Kerfið býður upp á 3 mismunandi notendur

- Ábyrgur fyrir safneign (Samlingsansvarlig) Fullur aðgangur
- Skrásetjari (Registrar) Getur ekki eytt færslum
- Knappur aðgang (Frivillig/registrer light) Getur skráð og leitað.  
Svo síðast "ingen rolle"- aðgangur sem virkar eins og Lesaðgangur í Sarpi.

**Það sem kerfið kann ekki:**

- Ekki með innbyggð verkflæði
- Breytingasögu - ákveðið óöryggi.
- Ósk um að geta gert „undo“
- Restore er ekki hægt. Þegar skráningar eyðast úr kerfinu eyðist allt og ekki hægt að endurheimta.

**Hýsing og þjónusta:**

- Eins og nefnt var ofar býður Axiell upp á að fá local-hosting með support/þjónustusamning.
- Gagnahýsingin er í Hollandi. (EU host)
- Sía: Service level agreement.
- Hornbille er kerfið sem er notað fyrir þjónustubeiðnir.
- Service Window fyrir uppfærslur eru einu sinni í mánuði í klukkutíma. Uppfærsla af hugbúnaði tekur venjulega innan við mínútu.
- Axiell gerir kröfur gagnvart hraða og stærð diska, ef hýst er í eigin landi.

**Innleiðing og gagnaflutningur:**

- Hægt er að gefa söfnunum aðgang að svokölluð "æfingarsafni"
- Tiltekt: Aðfang sem er staðsett á fleiri en einum stað ætti ekki að færast yfir í nýja kerfi.
- Kerfið var ekki alveg tilbúið.
  - Axiell var með óraunhæfar hugmyndir um skilafrest.
  - Þurfti að aðlaga hið staðlaða kerfi

Skipulagið var erfitt.

- Þungt kerfi að eiga við hið opinbera í verkefni eins og þessu
- Stýrihópurinn sem var skipaður var hluti af vandamálinu. Stóru söfnin eins og Nationalmuseet og Statens Museum for kunst verða stærstu hluthafar kerfisins og áttu því sterka rödd á viðræðuborðinu þegar kom að því að hanna kerfið varðandi sérþarfir o.s.frv. ODM var sömuleiðis við viðræðuborðið sem rödd allra hinna safnanna. Sem pólitískur hagsmunaaðili upplifði Axiell að ODM átti stóran hlut í því að viðræðurnar strönduðu oft.

Þrjár frestanir á verkefninu:

1. Fyrst var það vegna þess að kerfið var bara ekki tilbúið.
2. Hin tvö skiptin var það viðskiptavinurinn sem var ekki tilbúinn. Aðal verkefnastjóri verkefnisins hætti og því var vandamál varðandi þekkingaryfirfærslu.
3. Hitt var að ODM var ekki tilbúið að kenna á kerfið.

#### **Kostnaður:**

Hallandi greiðslukerfi í SARA. Því stærra sem safnið er því meira borgar þú. En Axiell er líka með opinbera staðlaða gjaldskrá. Mismunandi miðað við hýsingarsamninginn.

## *ODM- Organisationen for Danske Museer*

**Viðstödd á fundinum voru:** Morten Stenak- Kennslu- og aðstoðarframkvæmdastjóri ODM, Cecilie Gaihede (fagstjóri Sarps)

#### **Hlutverk OMD:**

- Hlutverk ODM í tengslum við SARA er að bera á ábyrgð á allri kennslu og kennslufni á kerfinu. Frá nóvember 2018 fram í janúar 2019 voru haldnir 80 kennsludagar og tóku rúmlega 600 manns þátt í þeim.

#### **Um innleiðingarferlið:**

- Búið að vera mjög erfitt ferli með miklum átökum
- Upplifun hans á kröfulýsingu safnanna var að það var skortur á skýrri forgangsröðun
- Kerfin sem voru í notkun áður fyrr voru allskonar. Natmus: Genrik, önnur söfn TMS, og svo Regin etc. Mjög mismunandi skráningahefðir
- Regin var frítt og telur hann það vera einu ástæðuna fyrir að það var mest notaða kerfið. Vegna aðgengileikans.
- Að Axiell var fyrir valinu - augljóslega fjárhagsleg ákvörðun.
- Erfitt innleiðingarferli: Lykilmenn hættu vegna lélegrar framkomu, og vantaði viðurkenningu. - Ekki nægilega gott ut anumhald og stjórnun.

#### **Kerfið: SARA:**

- Kerfið getur allt, og kannski of mikið. Það virkar ruglingslegt og erfitt fyrir ný augu að fá yfirsýn.
- Býr til CSV-skjal

**Skráning:** ekki enn búin að búa til skýrar reglur fyrir skráningu.

- Vinnur með staðlaðar skrár
- Í SARA er aðfangið í aðalhlutverki, sem er stór breyting frá REGIN. Allt var þá um proveniens (upprunann) í menningarsögulegu skráningarsamhengi en ekki aðfangamiðað eins og er núna. Það er mikil breyting fyrir notandann að aðlagast.
- Skráningaraðilar eru miklu lengur að skrá einstök aðföng í SARA en þeir voru áður fyrr. Um það bil 50-100% lengur. Augljóst að það vantar skráningarhandbók, eða auðvelda þarf aðgang að leiðbeiningum að kerfinu,
- Regin var með þessa faglegu og kerfislegu staðla skýra.

### **3 mismunandi kennslustig:**

SARA LUND: Svokallaður sandkassi: kerfið eins og leggur sig án gagna

SARA TRAIN: Spegill af alvöru kerfinu með gögnum yfirfærðum úr REGIN

SARA LIVE: Raunkerfi.

Þegar kerfið hefur verið í notkun í nokkur ár væri við hæfi að skoða það enn nánar. Kerfið er ekki tilbúið eða fullkomlega skothelt og myndi Morten ekki mæla með því ennþá. Kerfið er ekki enn með fulla virkni, og þarf að leiðrétta mismuninn í kerfinu milli aðfangategunda.

Hann mælir eindregið með að hafa samband við Lars Lundquist. Lars býr yfir mikilli þekkingu á sviðinu, með puttana á púlsinum og telur Morten að Svíþjóð sé komin langt hvað varðar stafræna skrásetningu safna.

Benti á að verkefnið „Danmark set fra luften“ gæti verið eitthvað áhugavert fyrir Sarpinn í framtíðinni.



## Rudersdal Musseer

**Viðstödd á fundinum voru:** Anders-Lodahl safnstjóri og Cecilie Gaihede (Fagstjóri Sarps)

Ástæðan fyrir að haft var samband við Rudersdal Musseer var vegna fjölbreytileika í skráningum á því safni. Rudersdal Musseer er bæði byggðasafn, með stóra munaskrá, ásamt því að vera með yfir þúsund listaverk í safneign þeirra. Síðan er skjalasafn stór hluti af safnastarfinu þeirra og hefur safnið því mjög fjölbreytta notkun á kerfinu. En upplifunin af kerfinu er jákvæð. Stöðugt og traust kerfi, og upplifunin þeirra er að það virkilega hefur verið reynt og prófað vel áður en það var sett í loftið.

**Cases:** Öll skráning í Regin var byggt upp í kringum cases eða svokölluð sager á dönsku. Frábært þegar maður er að skrá listaverk, eða með einstök aðföng. En erfitt fyrir safn eins og Rudersdal Museer þegar öll þeirra skráning hefur verið með menningarsögulega nálgun þar sem þessi sager voru útgangspunkturinn. SARA var því ekki hönnuð eftir þeirra þörfum.

### Efnisorð:

- Thesaurus er þó hluti sem ennþá á eftir að vinna miklu betur í. Efnisorðalistinn sem var notaður í Regin var tengd við viðurkennt efnisorðaforrit og því er mikið af orðum og hugtökum með villum sem á eftir að leiðrétta, og virkar það svolítið eins og þessar villur hafi gleymst og bara verið færðar yfir úr gamla kerfinu. Mikið um tvískráningar og stafsetningarvillur.

**Kerfið:** Að skrá aðfang í Regin voru mörg skref og mörg klikk á músinni, og var vonast til þess að væri ekki jafn langt ferli í nýja kerfinu. En það virðist ekki vera.

- jákvætt að geta hlaðið upp myndum í góðri upplausn
- Hefur ekkert heyrt um tengingu við ytri vef. Það er eitthvað sem verið er að bíða eftir. Núna er verið að nota *Kunstindex Danmark* og *Museernes Samlinger*.
- Skýrslugerð í kerfinu er alveg meiriháttar.
- Söfnin hafa misst möguleikann á að stofna aðgang í kerfinu.

### Innleiðingarferlið og gagnaflutningur:

- Upplifunin af verkefninu og innleiðingarferlinu var vöntun á samskiptum. Það var ekkert miðlað áfram. Tilfinningin var þó ekki að fólk hefði misst traustið gagnvart kerfinu eða verkefninu en augljóst að eitthvað hafi gengið erfiðlega.
- Yfirflutningur gagna hefur gengið smurt. Ekkert gagnatap og sá Axiell og SKST alfarið um að flytja öll gögnin yfir.

**Kennsla:**

- Kennslan gæti hafa verið betri. Eða kannski skipst betur upp eftir tölvukunnáttu fólks. Var eytt miklum tíma í það sama og langaði suma að ná betri skilningi á flóknari aðgerðum á meðan aðrir voru að reyna bara að skilja hvernig leitarvélin væri notuð.

SARA hefur það mikið af möguleikum að notendur geta auðveldlega misst yfirsýnina. Margir af þessum möguleikum virka óþarfir svo það er greinilegt að það þarf að taka til í kerfinu

Safnið hefur tekið meðvitaða ákvörðun um að færa ekki skjalasafnið yfir í SARA. Ákvörðun þess efnis var byggð á reynslusögu frá Byggðasafninu í Greve sem var búið að flytja öll sín gögn yfir. Safnið ákvað í framhaldinu að halda ekki áfram að vinna í SARA og færa sig frekar til baka í eldra kerfið, Arkibas. Það var gert þrátt fyrir að það kerfi væri á mörkunum á að vera úrelt. En í eldra kerfinu var hægt að tengja kerfið við ytri vef, sem var nauðsynlegt fyrir þau til að þjónusta þeirra kúnnahóp.